

að hann hafi álitid sig aðalskuldara að víxilupp-
hæðinni.

Með því að áfrýjandinn hefir þannig eigi sann-
að, að hann eigi aðgang að stefnda með endur-
greiðslu umræddrar víxilupphæðar að öllu eða
nokkru leyti, verður að fallast á það, að bæjar-
þingsdómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum á-
frýjanda í málinu og ber því að staðfesta bæjar-
þingsdóminn, einnig að því er málskostnaðarákvæði
hans snertir. Eftir úrslitum málsins ber áfrýjanda
að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með
20 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.
Áfrýjandinn Gunnar Gunnarsson trésmiður
greiði stefnda Birni Símonarsyni gullsmið í
málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur og lúk-
ist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lög-
birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1901.

Verzlunarstjóri
Þórður Guðjohnsen
f. h. verzlunar Örum & Wulffs
á Húsavík
gegn
hreppsnefnd Hálshrepps.

Urskurður:

Hinn skipaði talsmaður hreppsnefndarinnar

fyrir yfirdóminum — en þar hefir hreppsnefndin fengið gjafvörn og skipaðan málsfærslumann — hefir krafist þess, að máli þessu verði vísað frá yfirdóminum fyrir þá sök, að birtingarvottorð stefnuvotta á áfrýjunarstefnunni beri það eigi með sér, að stefnan hafi verið löglega birt 4 af mönnum þeim, sem eru í hinni stefndu hreppsnefnd, þar sem eigi sjáist af vottorðunum, að stefnan hafi verið birt mönnum þessum á heimilum þeirra. Þessi vefenging á lögmæti stefnubirtingarinnar fyrir nokkrum af hreppsnefndarmönnum getur þó eigi orðið til þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, með því að stefnan hefir ómótmælt verið löglega birt fyrir oddvita nefndarinnar, en það nægir samkvæmt stöðu hans í nefndinni, að honum einum sé birt stefna til hreppsnefndarinnar, sbr. 11. og 12. gr. tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Frávísunarkrafa talsmanns hreppsnefndarinnar verður því eigi tekin til greina, en honum ber, samkvæmt varakröfu hans, að veita hæfilegan frest til andsvara í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar verður eigi tekin til greina, en honum veitist hæfilegur frestur til andsvara í aðalefni málsins.